

AUGLÝSING

varðandi gin- og klaufaveiki.

Vegna þess að gin- og klaufaveikifaraldur geisar nú í nokkrum löndum á meginlandi Evrópu, vill landbúnaðarráðuneytið vekja athygli yfirvalda og almennings á því, að stranglega ber að fylgja reglum laga 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki.

Tekið skal fram, að samkvæmt téðum lögum og auglýsingu þessari er bannaður með öllu innflutningur á heyi, hálm, alidýraáburði, sláturafurðum hvers konar, húðum, mjólk og mjólkurafurðum sem og eggjum.

Stórgripahúðir, sem nota þarf við togveiðar hér við land, má þó flytja inn, enda hafi þær sannanlega verið sóttthreisnaðar erlendis.

Brot á lögum nr. 11/1928 og auglýsingum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. janúar 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

21. janúar 1966.

Nr. 26.

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1966 samkvæmt eftirfarandi lista:

Tollskrá Kafli Nr.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1966
04.01.00—		
04.05.00	Mjólkurafurðir; fuglaegg	kr. 150 000
07.01.10	Kartöflur nýjar	— 3 000 000
09.01.12	Óbrennt kaffi	— 10 000 000
17.01.21—		
17.01.24	Molasykur, strásykur	— 15 000 000
17.04.00	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	— 2 000 000
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri	— 4 000 000
25.23.00	Portlandssement, alúminatsement, slaggssement og annað hydrolískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall	— 10 000 000
27.01.10	Steinkol	— 700 000
27.04.00	Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó ..	— 300 000